



Alþýðusamband Íslands

Hagur - Vinna - Velferð

Samþykkt á aukaársfundur ASÍ
25. mars 2009

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Hagur	6
Áherslur ASÍ í efnahagsmálum.....	6
Bráðaaðgerðir fyrir heimili og fyrirtæki	7
Stöðugleiki.....	8
Vinna	10
Atvinnumál	10
Sjávarútvegur	10
Landbúnaður	11
Byggðamál.....	11
Vinnumarkaðsmál.....	12
Menntamál	14
Velferð	16
Málefni barna og barnafólks.....	17
Húsnæðismál.....	17
Heilbrigðismál	17
Kynbundið ofbeldi.....	18
Lífeyris- og veikindaréttarmál	18

Inngangur

Þjóðin er í vanda. Hrun bankakerfisins og gjaldeyriskreppan hefur dregið fjölda heimila og fyrirtækja með sér í fallinu þannig að við blasir dýpsta efnahagslægd sem farið hefur yfir Ísland um áratuga skeið. Hversu lengi hún varir ræðst af viðbrögðum stjórnvalda.

Á hinum pólitíska vettvangi er umrót og óvissa. Breytingar verða á forystu stærstu stjórn málaflokkanna og í aðdraganda kosninganna ber meira á hefðbundnum yfirboðum en hugmyndum um úrræði. Traust almennings á valdastofnunum samfélagsins og áhrifamönnum í viðskipta- og atvinnulífi er nánast horfið. Þjóðin hefur orðið fyrir gríðarlegu áfalli og það hefur enn ekki tekist að finna sáttáflöt. Til þess að sátt náist þurfa stjórnvöld að grípa til trúverðugra og réttlátra aðgerða sem mæta kröfu almennings um að þeir sem bera ábyrgð á hruni bankakerfisins verði látnir axla hana með sýnilegum hætti. Rannsóknin á aðdraganda bankahrunsins hefur hingað til verið í skötulíki. Þeir sem bera ábyrgð, verða að sýna auðmýkt og biðja þjóðina afsökunar á að hafa komið okkur í þessa stöðu. Ómurinn af ásökunum Viðskiptaráðs og forstjóra stórfyrirtækja í garð stjórnvalda á undanförunum árum, um ofvaxinn eftirlitsiðnað, er enn í fersku minni. Við hljótum að kalla þessa aðila til ábyrgðar og spyrja þá á hvaða grunni endurreisn atvinnulífsins eigi að eiga sér stað? Ef ekki tekst að ná sátt, er hætta á að reiði almennings brjótist út aftur og aftur og hér muni ríkja pólitískur óstöðugleiki um ókomin ár.

En þrátt fyrir reiðina liggja í loftinu miklar væntingar um trúverðuga leiðsögn út úr ógöngunum. Þessum væntingum er m.a. beint að verkalýðshreyfingunni. Að henni takist að skapa grundvöll að breiðri sátt. Undir þessum væntingum verður verkalýðshreyfingin að standa og beita öllu sínu afli, reynslu og þekkingu til að móta skýra og raunhæfa framtíðarsýn.

Til þess að svo geti orðið verðum við einnig að horfa í eigin barm og spyrja hvernig við stóðum að málum í kjölfar bankahrunsins. Afstaða okkar framan af var að aðstoða við slökkvistarfið og gefa stjórnvöldum vinnufrið með það að markmiði að takmarka áhrif bankahrunsins eins og mögulegt var. Við lögðumst gegn kröfunni um að ríkisstjórnin færi frá og að farið yrði í kosningar á þeim rökum að hætta yrði á pólitískri kreppu, þar sem bið yrði á nauðsynlegum ráðstöfunum til bjargar fjárhag heimila og fyrirtækja. Í ljós kom hins vegar að aðgerðir ríkisstjórnarinnar voru veikar og handahófskenndar og þeir sem báru ábyrgð á hruninu voru ekki látnir axla hana. Í lok nóvember krafðist ASÍ þess að gerðar yrðu umfangsmiklar breytingar innan ríkisstjórnar, Seðlabanka og Fjármálaeftirlits til þess að stjórnvöld gætu náð sátt við þjóðina.

Engu af þessu var hrint í framkvæmd og reiðin magnaðist í samfélaginu. Um miðjan janúar þraut okkur þolinmæðin þegar miðstjórn ASÍ krafðist þess að ríkisstjórnin færi frá og boðað yrði til kosninga. Í þessu þriggja mánaða ferli verður að viðurkennast að við gerðum mistök. Við hefðum átt að setja ríkisstjórninni stólinn fyrir dyrnar með því að setja ákveðinn tímafrest þegar við kröfðumst uppstökkunar í stað þess að bíða fram yfir áramót.

Verkalýðshreyfingin verður einnig að skoða sinn þátt í því ástandi sem hér ríkir. Siðferðilegur og fjárhagslegur trúverðugleiki lífeyrissjóðanna skiptir sköpum fyrir vöxt og

viðgang lífeyriskerfisins. Enginn vafi er á því að þessi trúverðugleiki hefur beðið hnekki og við því verður að bregðast. Vegna þess að lífeyrissjóðirnir eru hluti af okkar kjarasamningum, hafa stjórnir þeirra verið kjörnar af stéttarfélögum og atvinnurekendum að jöfnu. Þessir aðilar bera ríka ábyrgð á starfsemi sjóðanna. Við verðum við beita okkur fyrir því að settar verði skýrar reglur um gagnsæi, siðferði og trúverðugleika í starfi lífeyrissjóðanna. Slíkar reglur þurfa að ná jafnt til fjárfestingarstefnunnar sem og viðmiðunarreglna um daglega starfsemi sjóðanna. Þar með talið ákvæði um launamál æðstu stjórnenda og reglur um gjafir og risnu.

Á ársfundi ASÍ í október 2008 var lögð fram umfangsmikil áætlun um hvernig endurheimta mætti fjármálalegan stöðugleika og verja kjör launafólks og stöðu heimilanna í landinu. Kjarninn í þeirri stefnu var, að eina færa leiðin til að ná tökum á þróun gengis, vaxta og verðlags væri að stefna að aðild að ESB og upptöku evru. Ekki vegna þess að við værum öll orðin eldheitir Evrópusinnar. Heldur vegna þess að þær efnahagsþrengingar sem þjóðin er að fara í gegnum krefja okkur um nýjar áherslur og lausnir. Við sammæltumst um að það væri forgangsmál fyrir launafólk að tryggja efnahagslegan stöðugleika fyrir heimilin og fyrirtækin í landinu. Trúverðugleiki um stöðugt gengi, hóflega vexti og lága verðbólgu eru mikilvægar forsendur fyrir hraðri og öruggri endurreisn íslensks efnahagslífs.

Í aðdraganda þessa ársfundar höfum við rýnt í ýmsa aðra þætti Evrópusamvinnunnar, bæði kosti hennar og galla. Ljóst er að ef Ísland gengur í ESB munu ýmis ákvæði sambandsins á sviði atvinnu-, félags- og velferðamála ásamt vinnumarkaðs- og menntamálum hafa bein áhrif hér á landi, auk þess sem ávinningur neytenda m.a. af lægri vöxtum, hagstæðara verðlagi og meiri samkeppni getur orðið umtalsverður. Að sama skapi eru einnig fólgnar vissar hættur í aðild að ESB sem mikilvægt er að hafa augastað á og mæta með skilgreindum samningsmarkmiðum. Því miður eru miklar líkur á því, að Evrópuumræðan fari enn einu sinni út á hliðarspor í aðdraganda kosninga og greinilegt að stjórn málaflökkinum er um megn að taka afstöðu til málsins. Þetta er áhyggjuefni, því fátt er mikilvægara við þessar aðstæður.

Á ársfundinum okkar í október 2008 lögðum við einnig fram ítarlega aðgerðaáætlun um að verja hag heimilanna. Sérstök áhersla var lögð á að koma í veg fyrir að greiðslubyrði húsnæðislána vaxi fólki yfir höfuð. Það er ljóst að eftirfylgni ASÍ í þessum málum hefur skilað mikilvægum árangri. Áhersla hefur verið lögð á aðgerðir sem gera heimilunum, kleift að standa undir skuldbindingum sínum þrátt fyrir tímabundna erfiðleika, s.s. með greiðslujöfnun verðtryggðra lána, frestun greiðslna, tímabundinni frystingu eða lengingu lána. Þessi úrræði munu gagnast flestum heimilum sem glíma við erfiðleika um stundarsakir. Sömuleiðis er fullljóst að þessi úrræði duga ekki til þess að taka á vanda þeirra heimila sem verst eru stödd. Því höfum við lagt mikla áherslu á greiðsluaðlögun sem nær til allra skulda, þ.m.t. veðskulda vegna íbúðarhúsnæðis sem mikilvægt úrræði fyrir þessi heimili. Í því felst að greiðslubyrði skulda er aðlöguð að greiðslugetu skuldara, með endurskipulagningu lána og mögulegri niðurfellingu hluta höfuðstóls. Sömuleiðis er nauðsynlegt að vaxtabótakerfið verði nýtt betur til að aðstoða skuldsett heimili m.a. með því að hækka bætur og draga úr skerðingum.

Nú fyrir þinglok stefnir í að lög verði sett um greiðsluaðlögun almennra skulda en óvíst er hvort takist að ná fram lögum um greiðsluaðlögun veðskulda vegna íbúðarhúsnæðis,

sem ASÍ hefur barist fyrir frá árinu 1994. Það er með öllu óásættanlegt, heykist Alþingi á því að samþykkja slík lög fyrir þinglok í vor.

En hvert skal halda? Hvernig samfélag viljum við? Á hvaða grundvelli viljum við hefja endurreisnina? Hvernig á hið nýja Ísland að vera?

Þegar við rýnum í viðhorf okkar og sýn, hvaða gildismat og siðferði við viljum að samfélagið byggist á, kemur það ekki á óvart að við staðnæmumst við grundvallarviðhorf norrænu verkalýðshreyfingarinnar. Þau eru og hafa frá upphafi verið:

- Að samfélagið sem heild beri hitann og þungann af velferðarkerfi, sem tryggir öllum góða grunnmenntun, heilbrigðisþjónustu og mannsæmandi afkomu. Þetta er og á að vera einn af hornsteinum samfélagsins – **velferð fyrir alla**.
- Að sem flestir hafi möguleika á því að vera virkir þátttakendur í samfélaginu og á vinnumarkaði. Til þess þarf að aðstoða þá sem missa starf sitt vegna breytinga á atvinnuháttum eða af öðrum ástæðum, við að fá annað starf við hæfi – **atvinna fyrir alla**.
- Að launafólk hafi með sér öflug samtök til að gæta hagsmuna sinna gagnvart atvinnurekendum og stjórnvöldum. Réttindi og kjör launafólks á vinnumarkaði eiga að ákvarðast í frjálsum kjarasamningum og grundvallarréttindi að vera bundin í lög – **sterkari saman**.

Með þessu viljum við í senn tryggja hverjum einstaklingi virka þátttöku í samfélaginu með mannlegri reisu, fyrirtækjum og atvinnulífi góða og hæfa starfskrafta og samfélagslega samstöðu og framfarir. Reynslan sýnir að norræn samfélög sem byggja á velferðarhugsjón verkalýðshreyfingarinnar hafa skapað íbúum sínum mesta almenna velferð og lífsgæði meðal þjóða heims.

Augljóslega stöndum við frammi fyrir miklum vanda í fjármálum ríkis og sveitarfélaga sem kallar á breytta forgangs röðun. Þjóðin getur ekki haldið áfram að safna skuldum með gríðarlegum hallarekstri því slíkt myndi einungis leiða til vaxandi efnahagslegs óstöðugleika. Við verðum því að fara yfir verkefni og ákveða hvað er okkur kærast og hverju þarf að fórnast um sinn.

Hér á eftir gefur að líta afrakstur af vinnu málefnanefnda miðstjórnar ASÍ í formi tillagna fyrir þennan aukaársfund okkar. Alþýðusambandið setur hér fram stefnumið og áherslur um viðbrögð við efnahagsþrengingum en einnig langtímasýn um það hvernig við endurreisum samfélagið. Farsæl lausn á vandanum kallar á nána samvinnu samtaka launafólks, samtaka atvinnurekenda og stjórnvalda um mótun samþættrar stefnu í efnahags-, atvinnu-, félags- og umhverfismálum.

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ

Hagur

Áherslur ASÍ í efnahagsmálum

Lífskjör dragast nú hratt saman og atvinnulífið veikist í kjölfar bankahrunsins. Alþýðusamband Íslands vill á ný byggja upp öflugt efnahagslíf sem tryggir góð störf og traust lífskjör sem standast samanburð við það sem best gerist í heiminum. Þess vegna þurfum við að taka strax á vandanum. Verði það ekki gert eru allar líkur á að við lendum í langvarandi stöðnun í hagkerfinu með viðvarandi atvinnuleysi sem erfitt verður að losna út úr.

Sýn ASÍ:

- Uppbygging efnahagslífsins byggir á því að við gerum upp við bankahrunið og afleiðingar þess.
 - Fáum heildaryfirsýn yfir stöðu þjóðarbúsins og að almenningur verði upplýstur um hana.
 - Gerð verði hlutlaus, viðamikil og vönduð rannsókn á bankahruninu og aðdraganda þess.
 - Þeir sem bera siðferðilega-, pólitíska eða lagalega ábyrgð, verði látnir axla hana.
- Endurreisn á nýjum grunni
 - Koma á siðbót í viðskiptalífinu
 - Skýra ábyrgð og skyldur í viðskiptalífinu og styrkja eftirlitsstofnanir samfélagsins
 - Settar verði siðareglur um fjárfestingarstefnu lífeyrissjóðanna og fyrirmyndarreglur um almenna starfsemi sjóðanna, þ.m.t. launa- og starfskjarastefnu. Vegna ásakana í garð stjórna og stjórnenda lífeyrissjóða er nauðsynlegt að Fjármálaeftirlitið kanni í skýrslu sinni hvort sjóðirnir hafi á undanförunum árum starfað eftir lögum, samþykktum og fjárfestingastefnum sjóðanna.
- Stöðugleiki er forsenda þeirra lífskjara sem við viljum búa við
 - Ársfundur ASÍ 2008 ályktaði að aðild Íslands að ESB og upptaka evru sé eina færa leiðin til að tryggja stöðugan gjaldmiðil til framtíðar.
 - Upptaka evru er forsenda stöðugs verðlags, lágra og stöðugra vaxta og afnáms verðtryggingar.
 - Umsókn um aðild að ESB og yfirlýsing um að Ísland stefni að því að taka upp evru sem gjaldmiðil eykur trúverðugleika okkar í glímunni við veikingu krónunnar og efnahagsvandann og hjálpar þannig til við að ná tökum á gengi krónunnar, losa um gjalddeyrishömlur, lækka vexti og draga úr verðbólgu.

Helstu áherslur ASÍ :

Bráðaaðgerðir fyrir heimili og fyrirtæki

- Á næstu dögum og vikum þarf að grípa til margvíslegra aðgerða til þess að verja hag heimilanna, styrkja atvinnulífið og fjölga störfum. Eftirfarandi atriði skipta miklu máli í því samhengi:
 - Verja gildandi kjarasamninga, einkum hækkun kauptaxta, þannig að þeir verði komnir til framkvæmda fyrir lok samningstímans.
 - Að vextir lækki hratt.
 - Tryggja skuldsettum heimilum viðunandi úrræði til að takast á við minnkandi kaupmátt, aukið atvinnuleysi, vaxandi skuldir og lækkandi húsnæðisverð.
 - Lög verði sett um greiðsluáðlögun skulda, þ.m.t. veðskulda vegna íbúðarhúsnæðis. Slík lög heimili að greiðslubyrði skulda verði aðlöguð að greiðslugetu skuldara með endurskipulagningu lána og mögulegri niðurfellingu hluta höfuðstóls af veðskuldum umfram markaðsverð fasteignar.
 - Komið verði á Bjargráðasjóði heimilanna sem hafi það hlutverk að fjármagna afskriftir skulda heimila og önnur þau úrræði sem komið verði á fót. Sérstök áhersla verði lögð á aðstoð við yngra fólk sem keypti nýlega sína fyrstu eign.
 - Að einfalda og efla núverandi kerfi húsaleigu- og vaxtabóta, t.d. með því að sameina húsaleigu- og vaxtabætur í eitt kerfi húsnæðisbóta, hækka bótaupphæðir og draga úr skerðingum.
 - Varða þarf leiðina út úr gjaldeyrishöftunum.
 - Ljúka endurskipulagningu bankanna þannig að eðlileg bankastarfsemi komist á.
 - Ljúka mati á eignum „nýju“ og „gömlu“ bankanna og stilla upp efnahagsreikningum þeirra.
 - Semja við erlenda lánadrottna um að þeir gerist eignaraðilar að bönkunum á mótí ríkinu.
 - Setja bönkunum verklagsreglur sem tryggja jafnræði við endurfjármögnun fyrirtækjanna.
 - Bankarnir bjóði fyrirtækjum greiðslujöfnun gengis- og verðtryggðra skulda til að koma í veg fyrir greiðsluþrot.
 - Tryggja eðlilega lausafjármögnun fyrirtækja, m.a. með því að koma á endurkaupa- og afurðalánakerfi hjá Seðlabanka Íslands og tímabundnum útflutningsábyrgðum.
 - Herða verður regluverk um fjármálamarkaðinn og tryggja stöðu launafólks:
 - Setja strangar reglur um lágmarks fjárhagslega burði, þátttakenda á fjármálamarkaði.
 - Takmarka óhóflegar lánveitingar og óeðlilega áhættutöku.
 - Setja reglur og herða eftirlit með starfsemi vogunarsjóða og hlutabréfasjóða.

- Setja reglur sem koma í veg fyrir hagsmunaárekstra og tryggja gegnsæi í ákvörðunum.
- Tryggja launafólki rétt til upplýsinga og heyrslna (hörung) í tengslum við allar yfirtökur.
- Setja skorður á umfang launagreiðslna til yfirstjórnenda á fjármálamarkaði og hætta bónusgreiðslum og kaupréttarsamningum til þeirra.
- Setja reglur sem koma í veg fyrir notkun skattaskjóla og skattaundanskota og herða reglur gegn peningþvætti.
- Stuðla að aukinni atvinnu með því að:
 - Forgangsráða opinberum framkvæmdum þannig að ráðist verði í mannaflsrekar framkvæmdir. Forgangsröðunin verði unnin í samráði við aðila vinnumarkaðarins.
 - Heimildir íbúðalánasjóðs til lánveitinga vegna viðhaldsverkefna verði rýmkaðar þannig að þær nái til leiguhúsnæðis í eigu félaga, félagasamtaka og sveitarfélaga.
 - Ríki, sveitarfélög og fyrirtæki nýti sér úrræði s.s. starfsþjálfunarsamninga, reynsluráðningar, frumkvöðlaverkefni og námssamninga, sem felast í reglum um atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir.
 - Stofnanir og stjórnir sjóða á vegum hins opinbera gefi verkefnum sem hafa í för með sér fjölgun starfa meira vægi við afgreiðslu umsókna um styrki.
- Skapa aðstæður fyrir stofnun sérstaks fjárfestingarsjóðs sem hafi það hlutverk að koma að uppbyggingu atvinnulífsins m.a. með því að ljúka uppgjöri milli lífeyrissjóða og skilaneftanda bankanna. Mikilvægt er að sem flestir aðilar, innlendir og erlendir, komi að stofnun og rekstri slíks sjóðs.
- Stuðla að fjárfestingum erlendra aðila hérlendis.
- Skapa aðstæður fyrir íslensk framleiðslufyrirtæki á alþjóðamarkaði til að fjárfesta frekar innanlands en utan en óvissa og óstöðugleiki í íslensku efnahagslífi hafa latt þau til þess.
- Tryggja þarf öflugt samkeppniseftirlit og virka neytendavernd til þess að vinna gegn því að rekstrarerfiðleikar og samruni fyrirtækja hafi skaðleg áhrif á samkeppni og auki hér fákeppni.

Stöðugleiki

- Koma á stöðugleika.
 - Stefna að upptöku evru svo fljótt sem verða má.
 - Hagstjórnin miði við að Ísland uppfylli sem fyrst ákvæði stöðugleikasáttmála ESB, en þau eru einnig skilyrði sem ESB setur fyrir upptöku evru (Maastricht skilyrðin).

Rekstur hins opinbera

- Það er forgangsmál að koma á jafnvægi í rekstri ríkis og sveitarfélaga til að koma í veg fyrir frekari skuldasöfnun hins opinbera og hækkun raunvaxta.
 - Slíkt verður ekki gert nema með hagræðingu á öllum sviðum. Breyta þarf forgangsröðun án skerðingar á grunnþjónustu velferðarkerfisins.
 - Mikilvægt er að verkalýðshreyfingin komi að umræðu um breytta forgangsröðun og nauðsynlegar breytingar á skattkerfinu.
 - Alþýðusambandið leggur áherslu á að þeir tekjuhærri beri stærri hluta byrðanna þannig að þeim tekjulægri verði hlífð við skattahækkunum.

Vinna

Í uppbyggingarstarfi komandi ára mun reyna mjög á innviði samfélagsins og getu til að aðlagast nýjum veruleika. Til þess að vel til takist og við getum haldið áfram að tryggja hér góð lífskjör er nauðsynlegt að við byggjum velgengni okkar til framtíðar á framsæknu menntakerfi, öflugu atvinnulífi og traustum vinnumarkaði.

Atvinnumál

Í ályktun ársfundar ASÍ síðastliðið haust, um aðgerðir til að endurheimta fjármálastöðugleika eru lagðar til ýmsar aðgerðir á sviði atvinnumála. Þar er byggt á stefnu Alþýðusambandsins í atvinnumálum, ekki hvað síst áherslum á hagnýtar rannsóknir, nýsköpun og sprotafyrirtæki. Endurreisn Íslands byggist á að hér náist efnahagslegur stöðugleiki og þar leika aðildarviðræður við ESB stórt hlutverk. Hugsanleg aðild að sambandinu mun hins vegar hafa ýmsar afleiðingar fyrir atvinnulífið í landinu. Sumar jákvæðar aðrar neikvæðar. Það er því brýnt að kortleggja vandlega þýðingu fullrar aðildar að ESB fyrir íslenskt atvinnulíf. Greina helstu álitamálin og á grundvelli þess leggja fram eðlileg samningsmarkmið gagnvart Evrópusambandinu. (sjá nánar í Greinagerð atvinnumálnefndar um ESB aðild)

Sýn ASÍ:

- Sett verði fram skýr samningsmarkmið í aðildarviðræðum við ESB sem byggjast á;
 - Að yfirráð Íslands yfir auðlindum innan efnahagslögsögunnar séu tryggð og ávinningur af nýtingu þeirra skili sér inn í íslenskt atvinnulíf.
 - Stefna ASÍ er að standa vörð um íslenskan landbúnað og nýta þau sóknarfæri sem skapast á nýjum mörkuðum og að komið verði til móts við hugsanlegan samdrátt í markaðshlutdeild innlendrar landbúnaðarframleiðslu.
 - Að tekið verði tillit til sérstöðu Íslands hvað varðar strjálbýli og veikburða skipulagseiningar í stjórnsýslunni.

Helstu áherslur ASÍ:

Sjávarútvegur

- Að yfirráð Íslands yfir auðlindum sjávar innan efnahagslögsögunnar séu tryggð.
- Að ávinningur af nýtingu auðlinda sjávar skili sér inn í íslenskt atvinnulíf.
- Hagsmunir Íslands í samningum um deilistofna séu sannanlega tryggðir.
- Rétturinn til að nýta allar auðlindir sjávar, þar með talin sjávarspendýr, á sjálfbæran hátt sé tryggður.
- Kröfur vegna sjávarútvegs mála á að rökstyðja með tilvísun til þess að sjávarútvegur er sjálfbær atvinnugrein hér á landi, að stofnar eru almennt í betra ásigkomulagi en innan ESB, að afkoma þjóðarinnar byggir á sjávarútvegi og að sjávarútvegur er undirstaða byggðar í landinu.

Landbúnaður

- Auk hefðbundins stuðnings við landbúnað innan ESB verður að tryggja heimildir til að beita öðrum úrræðum hér á landi, eins og t.d. vegna legu landsins og harðbýlis, og byggðasjóðum sambandsins. Þannig verði leitast við að koma til móts við hugsanlegan samdrátt í markaðshlutdeild innlendar framleiðslu og tryggja matvælaöryggi.
- Heimildir til viðeigandi aðgerða gegn útbreiðslu dýra- og smitsjúkdóma séu tryggðar.
- Kröfur vegna landbúnaðarmála á að rökstyðja með tilvísun til sérstöðu Íslands hvað varðar hollustu og heilbrigði matvæla. Íslenskur landbúnaður er vegna legu landsins og veðurfars illa samkeppnishæfur í verðum við lönd innan ESB. Einnig má nýta fordæmi úr aðildarsamningum annarra landa.

Byggðamál

- Að sérstaða Íslands, m.a. hvað varðar strjálbýli og áhrif innri markaðarins á byggða- og atvinnuþróun hér á landi, sé viðurkennd í byggðastefnu ESB og í skilyrðum fyrir úthlutun úr sjóðum sambandsins.
- Að komið verði til móts við veikburða skipulagseiningar í íslenskri stjórnsýslu til að þær eigi raunhæfa möguleika á þátttöku í Evrópusamvinnunni.
- Að tekið verði tillit til þess að sumar reglur ESB í byggðamálum kunni að vera óraunhæft að útfæra við íslenskar aðstæður.
- Kröfur vegna byggðamála á að rökstyðja með tilvísun í sérstöðu Íslands, þess að landið er jaðarsvæði, eyja fjarri meginlandinu, strjálbýlt og fámennt; einnig má nýta fordæmi úr aðildarsamningum annarra landa.

Vinumarkaðsmál

Viðurkennt er af stjórnvöldum að aðilar vinnumarkaðarins gegna mikilvægu hlutverki við uppbyggingu og þróun atvinnulífsins og velferðarkerfisins.

Nú þegar íslenskt samfélag glímir við samdrátt og alvarlegar efnahagsþrengingar hefur aldrei verið mikilvægara fyrir launafólk að hafa öfluga og framsækna verkalýðshreyfingu sem vinnur að því að efla og treysta þá eiginleika Norræna velferðarsamfélagsins og vinnumarkaðsmódelisins sem er að finna í okkar samfélagi.

Þá er nauðsynlegt að fylgjast vandlega með og taka virkan þátt í stefnumótun og þróun vinnumarkaðs- og félagsmála á Evrópuvísu.

Sýn ASÍ:

- Að öflug og samtaka verkalýðshreyfing er mikilvæg til að verja réttindi launafólks og hag heimilanna á tímum efnahagsþrenginga og fyrir það uppbyggingastarf sem er framundan.
 - Skapa þarf víðtæka sátt í samfélaginu um að verja réttindi launafólks og meginstoðir velferðarkerfis á vinnumarkaði meðan samfélagið er að vinna sig út úr efnahagsþrengingunum. Það gildir m.a. um marghátuð réttindi launafólks sem tryggð eru með kjarasamningum, atvinnuleysistryggingar, kerfi virkra vinnumarkaðsaðgerða og starfsendurhæfingar, ábyrgðasjóð launa og réttindi til fæðingar- og foreldraorlofs.
- Að samstarf og samningar verkalýðshreyfingar og samtaka atvinnurekenda sem byggja á trausti og sameiginlegum skilningi á nauðsyn þess að byggja upp traust atvinnulíf, sem skapar launafólki góð störf og öflug réttindi, er mikilvæg forsenda endurreisnarstarfsins.
- Að samráð og samstarf samtaka launafólks, samtaka atvinnurekenda og stjórnvalda um að samþætta stefnu í efnahags-, atvinnu-, félags- og umhverfismálum og framtíðarsýn á grunni norræna velferðar- og vinnumarkaðsmódelisins er farsælasta leiðin til að byggja upp samfélag framtíðarinnar.
- Ísland taki virkan þátt í samstarfi um endurreisn atvinnulífsins og bættu stöðu launafólks á Evrópuvísu og á alþjóðavettvangi í samstarfi við hin Norðurlöndin og alþjóðastofnanir.
- Hagsmunir íslensks launafólks eru best tryggðir með því að Ísland verði fullgildur þátttakandi á sviði vinnumarkaðs- og félagsmála á Evrópuvettvangi.
- Nota á uppbyggingastarfið í atvinnulífinu til að vinna á og uppræta launamun kynjanna og aðra mismunun á vinnumarkaði.

Helstu áherslur ASÍ:

- Móta skýra sýn um stöðu og hlutverk Alþýðusambandsins sem heildarsamtaka í samstarfi við aðildarsamtök sín og önnur samtök launafólks.
- Styrkja og styrkja aðildarsamtökin með upplýsingum og ráðgjöf þannig að þau geti sem best þjónað og aðstoðað félagsmenn sína við erfiðar aðstæður.

- Að eiga samráð og samstarf við samtök atvinnurekenda og önnur heildarsamtök launafólks um skilyrði og aðgerðir til að treysta stöðu launafólks á vinnumarkaði og uppbyggingu atvinnulífsins.
- Að knýja á um og fylgja eftir stefnumótun til framtíðar í efnahags-, atvinnu-, félags- og velferðarmálum með þríhliða samráði stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins á grunni norræna móðelsins.
- Að hafa forystu um að verja meginstoðir velferðarkerfisins á vinnumarkaði og þau grunnildi sem það hvílir á og hafa frumkvæði að nauðsynlegum breytingum eftir því sem þörf krefur.
- Að leggja sérstaka áherslu á og tryggja sem víðtækast samstarf um virkar vinnumarkaðsaðgerðir og önnur úrræði sem er ætlað að efla og treysta stöðu fólks á vinnumarkaði, einkum atvinnulausra og þeirra sem veikast standa.
- Að fylgja sérstaklega eftir áherslum og aðgerðum sem miða að því að uppræta kynbundinn launamun og aðra mismunun á vinnumarkaði.
- Að tryggja að hagsmunir launafólks á sviði vinnumarkaðs- og félagsmála verði ein af grunnforsendum í umfjöllun um aðild Íslands að Evrópusambandinu og skilgreiningu á samningsmarkmiðum Íslands.
- Að vera virkur þátttakandi í samstarfi verkalýðshreyfingarinnar á Norðurlöndum og á Evrópuvísu og í alþjóðastofnunum um velferð launafólks og réttláta og sanngjarna hnattvæðingu.

Menntamál

Öflugt menntakerfi gegnir lykilhlutverki í enduruppbyggingu íslensks atvinnulífs.

Sérstaklega skal huga að réttindum og möguleikum þeirra sem misst hafa vinnuna til að afla sér aukinnar menntunar. Annað tækifæri til náms er eitt stærsta verkefni sem Íslendingar þurfa að takast á við á næstu árum. Með því er fólki sem hætt hefur námi af einhverjum ástæðum gert kleift að setjast á skólabekk að nýju. Það er mikilvægt framlag til aukins jafnréttis og jafnaðar í samfélaginu.

Mikilvægt er að stuðla að gagnkvæmri viðurkenningu á menntun milli landa og möguleikum einstaklinga til að sækja sér viðurkennda menntun erlendis. Með þátttöku í símenntunaráætlunum ESB hefur Íslendingum gefist gott tækifæri til þátttöku í menntasamstarfi á mörgum sviðum. Nauðsynlegt er að fylgjast vandlega með og taka virkan þátt í stefnumótun og þróun menntunar á Evrópuvísu.

Sýn ASÍ:

- Allir hafi, óháð efnahag, uppruna, búsetu eða fjölskyldustöðu, tækifæri til menntunar í samræmi við þarfir sínar og aðstæður hverju sinni.
- Að stjórnvöld treysti stöðu fólks á vinnumarkaði með litla formlega menntun og tryggt verði að reynsla og hæfni sé metin til styttingar á námi.
- Námslánakerfið verði endurskoðað og gert sveigjanlegra fyrir þá einstaklinga á vinnumarkaði sem vilja hverfa aftur í nám, þannig að jafnræði til náms verði tryggt.
- Að dregið verði úr brottfalli t.d. með aðstoð við nemendur og tryggt að sem flest ungmenni ljúki námi úr framhaldsskóla og tryggt að verknám og bóknám verði metið að jöfnu.
- Að farið verði markvisst í að ná því markmiði að ekki verðimeira en 10% fólks á vinnumarkaði án viðurkenndrar starfs- og framhaldsmenntunar árið 2020.
- Að Ísland verði fullgildur þátttakandi í stefnumótun og samstarfi á sviði menntunar á Evrópuvísu og nýti þá möguleika sem símenntunaráætlun ESB og menntasamstarf gefa.

Helstu áherslur ASÍ:

- Treysta stöðu fólks á vinnumarkaði með litla formlega menntun þannig að hæfni og reynsla verði metin til styttingar á námi og skólakerfið viðurkenni raunfærnimat.
- Að tryggja að skráningargjöld í skólum og kostnaður vegna námsgagna- og tækja verði ekki til að mismuna nemendum eftir efnahag.
- Að knýja á um fjölbreyttara námsframboð í skólakerfinu með áherslu á verk- og starfsnám og að nægilegt fjármagn verði tryggt.
- Sveigjanlegra námslánakerfi sem mætir betur þörfum fólks á vinnumarkaði.
- Miðla upplýsingum til aðildarfélaganna um stöðu menntamála á alþjóðavettvangi í gegnum alþjóðlega hreyfingu launafólks og í samstarfi við stjórnvöld, menntastofnanir og samtök atvinnurekenda.

- Hagnýta sem best þá möguleika sem bjóðast í Evrópusamstarfi fyrir launafólk og atvinnulífið með virkri þátttöku verkalýðshreyfingarinnar í samstarfi við samtök atvinnurekenda og stjórnvöld. Þar eru óþrjótandi tækifæri í framtíðinni.

Velferð

Verkalýðshreyfingin hefur lagt áherslu á að byggja upp velferðarkerfi að norrænni fyrirmynd, þar sem samfélagið og stofnanir þess bera hita og þunga af velferðarkerfi, sem tryggir öllum góða grunnmenntun, heilbrigðisþjónustu og mannsæmandi afkomu. Reynslan sýnir að norræn samfélög sem byggja á velferðarhugsjón verkalýðshreyfingarinnar hafa skapað íbúum sínum mesta almenna velferð og bestu lífsgæði meðal þjóða heims.

Alþýðusamband Íslands hefur í starfi sínu á undanförunum árum lagt mikla áherslu á að treysta stoðir velferðarkerfisins. Þó að margt hafi áunnist er ljóst að enn skortir á að velferðakerfið tryggi öllum þau lífsgæði sem við gerum kröfur til. Í þeim efnahagsþrengingum sem þjóðin stendur frammi fyrir er mikilvægt að fram fari opinská og hreinskiptin umræða um breytta forgangsröðun verkefna og viðfangsefna í velferðarkerfinu. Alþýðusambandið er reiðubúið til að taka þátt í þeirri umræðu. Jafnframt gera samtökin kröfu til þess að horft verði til lengri tíma í uppbyggingu kerfisins. Þar getur þátttaka okkar og stuðningur af stefnumótun á sviði félags- og velferðarmála innan ESB skipt sköpum.

Sýn ASÍ:

- Að byggja upp öflugt velferðarkerfi sem stenst samanburð við það sem best gerist á Norðurlöndunum.
- Með inngöngu í Evrópusambandið er tryggt að íslenskt launafólk njóti betur þeirrar verndar sem Félagsmálasáttmáli Evrópu veitir. Slíkt myndi styrkja félagsleg réttindi, reglur gegn mismunun, auka áherslur á almenn mannréttindi og efla þannig velferðina.
- Samfélög sem byggja á öflugu og virku velferðarkerfi, góðri menntun fyrir alla, jöfnuði, jafnrétti og traustum réttindum launafólks eru best til þess fallin að takast á við erfiðleika í efnahagslífinu. Öflugt velferðarkerfi er því aldrei mikilvægara en nú.
- Þróun velferðarkerfisins á næstu misserum mun markast af stöðu efnahagsmála og því er nauðsynlegt að forgangsræða í velferðamálum og leggja áherslu á þá þætti sem standa þarf sérstakan vörð um eða efla. Lögð verði áhersla á að allir hafi jafnan rétt til tryggingarverndar.

Lífeyriskerfi sem byggir á þremur stoðum almannatrygginga, samningsbundnum greiðslum í lífeyrissjóði og frjálsum viðbótarlífeyrissparnaði skilar bestum lífeyris- og áfallatryggingum fyrir launafólk. Lífeyriskerfið er óaðskiljanlegur hluti af kjarasamningum, þar sem aðilar vinnumarkaðarins bera ríka ábyrgð á rekstri kerfisins.

Helstu áherslur ASÍ :

Málefni barna og barnafólks

- Mikilvægt er að styðja við bakið á barnafólki. Öflugasta leiðin til þess er að efla barnabótakerfið með því að hækka bæturnar og draga verulega úr tekjutengingum. Að tryggja öllum börnum aðgang að leikskólum, gæslu og máltíðum í grunnskólum ásamt íþrótt- og tómstundastarfi, óháð efnahag og félagslegri stöðu foreldra.
 - Slíkt verður best gert með því að sveitarfélög dragi úr gjaldtöku og auki frekar kostnaðarþátttöku sína á þessum sviðum.
 - Huga þarf sérstaklega að þeim hópi sem ekki hefur tök á að greiða fyrir þjónustuna og tryggja að það hafi ekki áhrif á aðgengi eða félagslega stöðu barnanna.
- Að tryggja öllum börnum og unglíngum viðunandi aðgengi að alhliða heilbrigðisþjónustu, m.a. með auknum niðurgreiðslum á lyfjum og tannlækningum ásamt sjón-og heyrnatækjum.
- Að börnum með sérþarfir sé tryggður fullur stuðningur innan skólakerfisins og eflað verði þjónusta í heimabyggð, þar sem hætt er við að þjónusta við þennan hóp dragist saman þegar þrengir að.

Húsnæðismál

- Að koma á öflugum leigumarkaði sem verði raunverulegur valkostur fyrir fólk. Eðlilegt er að hið opinbera beiti sér fyrir því að hér geti orðið til burðug leigufélög sem tryggi framboð á öruggu leiguhúsnæði .
- Að veita fólki sem er að koma inn á húsnæðismarkaðinn í fyrsta skipti sérstaka aðstoð, s.s. í formi fyrstukaupastyrkja sem virka hvetjandi á sparnað.
- Að sveitarfélögin auki framboð af leiguhúsnæði á viðráðanlegum kjörum fyrir þá tekjulægstu. Jafnframt verði skyldur sveitarfélaga varðandi félagslegt leiguhúsnæði skýrðar betur og reglur þeirra samræmdar.
- Að lækka leigu í félagslegu húsnæði og að sú lækkun verði látin taka gildi fyrir hrun bankanna síðastliðið haust - en leiga í félagslegu húsnæði hefur frá þeim tíma hækkað mikið vegna vísitölubindingar á sama tíma og húsaleiga á almennum markaði hefur lækkað.

Heilbrigðismál

- Að tryggja öllum aðgengi að heilbrigðiskerfinu óháð búsetu, efnahag og félagslegri stöðu. Því er aukinni gjaldtöku í heilbrigðiskerfinu hafnað.
- Sett verði hámark á þátttöku sjúklinga í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu og lyfja.
- Komið verði betur til móts við þá sem þurfa að sækja heilbrigðisþjónustu um langan veg með því að niðurgreiða frekar þann kostnað sem af því hlýst þ.m.t. ferða- og dvalarkostnað.

Kynbundið ofbeldi

- Á erfiðleikatímum er hætt við að kynbundið ofbeldi aukist. Því er mikilvægt að standa vörð um starfsemi Neyðarmóttöku, Kvennaathvarfs, Stígamóta og annarra stofnana og félagasamtaka sem hafa það hlutverk að aðstoða þolendur og gerendur ofbeldis.

Lífeyris- og veikindaréttarmál

- Tryggja verður að áhrif bankahrunsins á lífeyrisréttindi í samtryggingarsjóðum leggist með jöfnum hætti á alla launamenn, en verði ekki borin eingöngu af sjóðsfélögum á almennum vinnumarkaði.
 - Tryggja þarf að áföllum í samtryggingarlífeyrissjóðum, sem ekki njóta ábyrgðar atvinnurekenda, verði mætt þannig að ekki komi til þess að skerða þurfi réttindi núverandi lífeyrisþega.
- Lífeyrisréttindi verði samræmd og jöfnuð milli sjóða á almennum vinnumarkaði og á samningssviði ríkis og sveitarfélaga.
- Standa þarf vörð um lágmarkstekjuviðmið almannatrygginga, en jafnframt verður að koma í veg fyrir óhóflegar tekjutengingar sem draga úr hvata til þátttöku í almenna lífeyriskerfinu.
 - Tryggja verður að frítekjumark náí að fullu til greiðslna úr lífeyrissjóðum.
- Fulltrúar aðila vinnumarkaðarins fá beina aðkomu að vinnu stjórnvalda við endurskoðun á verkaskiptingu milli almannatrygginga og lífeyrissjóða í Framkvæmdanefnd um endurskoðun almannatryggingakerfisins.
- Unnið verði að breytingum á veikinda-, slysa- og örorkubótarétti í þeim tilgangi;
 - Að treysta og auka lífsgæði þeirra sem missa starfsorkuna vegna veikinda og slysa.
 - Að tryggja skýrari og samfelldari réttindi launafólks hjá einum aðila með því að ávinnsla veikinda- og slysaréttar verði í ríkari mæli byggð á réttindum í sjúkrasjóði í stað ávinnslu hjá atvinnurekanda.
 - Að viðhalda og efla hlutverk sjúkrasjóðanna og treysta þannig tengsl félagsmanna við sitt stéttarfélag.
- Alþýðusambandið leggur áherslu á að breytingar á skaðabótalögum náí fram að ganga, þannig að tryggt sé að öllum frádrætti bóta Tryggingastofnunar og lífeyrissjóða verði hætt.